

## Mál nr. 225/2008

### M og Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

#### Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á Nýbýlavegi 12.10. 2008.

#### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni. Í skýrslu lögreglu kemur fram m.a. að ökumaðurinn hafi lýst því yfir að hann hafi “ekkert verið búinn að sofa og að hann væri mjög þreyttur. Hefði hann ekið of hratt og misst stjórn á bifreiðinni í beygjuni sem þarna er...” Umrædd bifreið er öflug þ.e. 274 hestöfl. Dekkjafor eftir bifreiðina mældust 121 meter frá upphafi að þeim stað þar sem bifreiðin staðnæmdu.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að þrátt fyrir að haft sé eftir honum í skýrslu lögreglu að hann hafi verið “illa sofinn og hafi ekið of hratt þá sé það fráleitt að telja það stórkostlegt gáleysi...þannig að bótaréttur falli niður”. Hann lætur þess getið að “vissulega hefði ég átt að hægja betur á þar sem aflíðandi beygja var framundan en alls ekki var um glannaakstur að ræða.”

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki vera fyrir hendi. Það telur að ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Í fyrsta lagi vegna þess að hann hafi sest mjög þreyttur undir stýri, ósofinn en tjónið varð kl. 07.31 að morgni sunnudags. Í öðru lagi vegna ofsahraða bifreiðarinnar. Félagið vísar m.a. til 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og greinar 6.1 (varðandi stórkostlegt gáleysi) og 17.4 (varúðarregla) í skilmálum vátryggingarinnar. Jafnframt vísar félagið til dóms Hæstaréttar í máli 50/2004.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að vátryggingaratburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Með vísan til 2. mgr. 27. gr. sbr. og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga er bótaábyrgð vátryggingafélagsins ekki fyrir hendi.

M lætur þess getið í málskotinu að hann telur sig “ekki þurfa að sanna” að hann hafi “ekið þannig að ekki hafi verið ámælisvert, heldur þurfi tryggingafélagið að sanna” að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi. Vegna þessa skal þess getið að fyrirliggjandi gögn og atvik öll gefa til kynna að vátryggingaratburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns. Hann miðaði ökuhraða ekki við aðstæður, hann var “illa sofinn” og gætti ekki þeirrar aðgæslu sem gera verður kröfur um. Þetta veldur því að vátryggingafélagið losnar úr ábyrgð.

#### Niðurstaða.

Greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. desember 2008

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.